



## 39. FUNDUR VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS, 5. DESEMBER 2019

### FUNDARGERÐ

**Fundartími:** Fimmtudagurinn 5. desember 2019, kl. 13:00-15:00

**Fundarstaður:** Safnahúsið við Hverfisgötu

**Vísinda- og tækniráð:** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Ragnheiður H. Magnúsdóttir formaður tækninefndar, Ragnhildur Helgadóttir formaður vísindanefndar, Ásdís Jónsdóttir, Erla Björk Örnólfsdóttir, Eyrún Valsdóttir, Fríða Björk Ingvarsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Halldór Björnsson, Jón Gunnar Bernburg, Margrét Helga Ögmundsdóttir, Róbert Farestveit og Sæmundur Sveinsson, Unnur Anna Valdimarsdóttir

**Að auki sátu fundinn:** Berglind Hallgrímsdóttir (ritaði fundargerð), Hjördís Hendriksdóttir (Rannís), Ásthildur Knútsdóttir (hrn), Hallgrímur Jónasson (Rannís), Katrín Anna Guðmundsdóttir (fjr), Sigríður Valgeirsdóttir (anr), Sigurður Á Þráinsson (uar), og Unnur Brá Konráðsdóttir (aðstoðarmaður ríkisstjórnarinnar).

**Gestir fundarins:** Guðrún Nordal, Heimir Skarphéðinsson og Steinunn Halldórsdóttir, öll frá verkefnishópi um endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda og tækniráðs.

Gögn send fundarmönnum fyrir fundinn:

- Verkáætlun stefnumótunar Vísinda- og tækniráðs 2020-2022, uppfærð í desember 2019.
- Minnisblað um nefnd um vandaða starfshætti í vísindum

#### 1. Setning fundar

Drög að fundardagskrá samþykkt.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

## **2. Stefnunótunarvinna Vísinda- og tækniráðs**

Formaður tækninefndar skýrði frá stöðu stefnunótunarvinnu. Unnið verður áfram að nokkrum aðgerðum fyrir stefnu sem eru langtímaverkefni. Haldinn var vel heppnaður hugarflugsfundur með fulltrúum vísinda- og tækninefnda auk hagaðila 3. desember s.l. og verið er að vinna úr niðurstöðum þess fundar. Markmiðið er móta framtíðarsýn og skilgreina aðgerðir að því loknu. Sýnt er að umhverfismál og samfélagslegar áskoranir verða veigamiklir þættir nýrrar stefnu. Fyrir liggur verkáætlun stefnunótunar Vísinda- og tækniráðs 2020-2022.

Umræður urðu um áherslur og aðgerðir nýrrar stefnu. Rætt var sérstaklega um mikilvægi miðlunar um vísindi og rannsóknir til ýmissa hópa samfélagsins með aðgengilegum og sveigjanlegum hætti. Bent var á mikilvægi þess að nýta þá farvegi miðlunar sem þegar hafa reynst vel og eru til staðar til að ná til ólíkra markhópa. Verðmætt gæti reynst að stilla fram gögnum og upplýsingum um þróun vísinda og nýsköpunar í formi „mælaborðs nýsköpunar“.

Endanlegt markmið ætti að vera að miðlun um vísindi og nýsköpun nái til allra skólastiga. Áréttað var að ný stefna og hugmyndir um nýtt lagaumhverfi kalli á samhæfingu bæði lóðrétt og lárétt og að sameina þurfi krafta til að ná betri samlegð.

## **3. Tillögur að breytingum á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs**

Guðrún Nordal, formaður verkefnishóps um breytingar á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, kynnti tillögur hópsins. Verkefnishópurinn byggir vinnu sína á ýmsum greiningum og skýrslum og virku samráði var við hagaðila og stjórnvöld. Í vinnunni leit hópurinn til þróunar erlendis og heimsótti fjögur lönd: Finnland, Eistland, Sviss og Holland.

Lykilforsendur að baki tillögnum eru að stefnt sé að öflugu vísinda- og nýsköpunarstarfi á Íslandi; að staðið verði vörð um styrkleika núverandi ráðs en tekið á veikleikum; aukin áhersla verði lögð á gagnreynda stefnunótun; aukna langtímasýn; skilvirkara og sýnilegra ráð; og betri þjónustu til notenda.

Ein hugur er um að nýta þurfi krafta VTR sem best. Mikilvægt er að skerpa á hlutverki VTR og að ráðið hafi það hlutverk sem því beri. Endurskoða þarf árangur breytinga og nýs kerfis að fimm árum liðnum.

Óskað var eftir því að fulltrúar í VTR fái skýrslu verkefnishópsins til aflestrar áður en hún verður birt á samráðsgátt stjórnarráðsins. Skýrslu verkefnishópsins verður skilað til forsætisráðherra sem getur ákveðið að senda hana til nefnda áður en frekara samráðsferli hefst.

## **4. Skýrsla um skattalegt umhverfi rannsókna og nýsköpunar á Íslandi**

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, kynnti úttekt á skattalegu umhverfi til að styrkja þróun og nýsköpun á Íslandi, sem er aðgerð 7 í stefnu- og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017 – 2019. Í úttektinni er fjallað um lagaumhverfi og markmið aðgerða í þágu nýsköpunar, með áherslu á; a) skattafrádrátt nýsköpunarfyrirtækja; b) skattafrádrátt vegna hlutabréfakaupa og; c) skattafrádrátt erlendra sérfræðinga.

Í úttektinni er jafnframt gerð grein fyrir útgjaldaþróun, fjölda umsókna og árangurshlutfalli ásamt því að greina skiptingu eftir atvinnugreinaflokkun og sveitarfélögum. Þá eru jafnframt

lagðar fram tillögur í úttektinni um næstu skref svo hægt sé að ná fram markmiðum um að styðja dyggilega við rannsóknir og nýsköpun á sama tíma og leitast er við að tryggja að framkvæmd sé í samræmi við markmið og sem besta nýtingu opinberra fjármuna. Í tillögunum felst meðal annars að skoðað verði hvernig hægt sé að draga úr sjálfvirkni í útgjaldavexti auk þess sem metið verði hvort þörf er á að skerpa á skilyrðum fyrir ívilnunum sem felast í stuðningskerfinu um skattafrádrátt nýsköpunarfyrirtækja.

Þá er gerð tillaga um að metið verði hvernig stuðningi við rannsóknir, þróun og nýsköpun er best háttáð í samhengi við annars konar styrkjakerfi á vegum ríkisins. Skýrsla fjármála- og efnahagsráðuneytisins fjallar fyrst og fremst um skattaívilnanir. Lagt er til að aðgerðin verði útvíkkuð og skatta- og styrkjakerfi til rannsókna og nýsköpunar endurmetið heildstætt til að kortleggja hvernig markmiðum um stuðning við rannsóknir og nýsköpun verði best mætt.

Aðrar tillögur snúast m.a. um að fundnir verði mælikvarðar til að meta árangur af stuðningi við rannsóknir og nýsköpun, að stuðningskerfi verði skoðað með aðferðum kynjaðar fjárlagagerðar, að skattaeftirlit með stuðningskerfinu verði eflt og að í þjónustusamningi við Rannís um umsýslu umsókna verði framkvæmdaþáttur laganna eflur með ítarlegri yfirferð umsókna í því skyni að leitast við að tryggja að framkvæmd laganna sé í samræmi við markmið þeirra.

## **5. Skipun nefndar um vandaða starfshætti í vísindum**

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra kynnti minnisblað með tillögu að skipun nefndar um vandaða starfshætti í vísindum. Lög um vandaða starfshætti í vísindum nr. 70/2019 tóku gildi þann 5. júlí 2019. Samkvæmt 5. gr. laganna skipar ráðherra sjö manns í nefndina til fjögurra ára í senn og ber ráðherra að kynna tillögu að skipun fyrir Vísinda- og tækniráð áður en frá henni er gengið

Engar athugasemdir komu fram við tillöguna.

## **6. Önnur mál**

Skýrt var frá stöðu aðgerða í stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017 – 2019. Framsetningu upplýsinga um stefnuna á heimasíðu Vísinda- og tækniráðs hefur nýlega verið breytt í því skyni að auðveldara sé að greina stöðu verkefna í heild og einnig að skoða hverja aðgerð sérstaklega.

Fjórum aðgerðum af tíu í Stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs er nú lokið, fimm eru í vinnslu og ein hefur ekki hafist. Hún mun flytjast yfir í næstu stefnu ráðsins.

Fundi slitið kl. 15.00